



# Samstarfsáætlun - Drög

## Naustatjörn – Naustaskóli

Gildir frá ágúst 2009



### Húsnæðismál;

- Frá og með hausti 2009 lætur Naustaskóli í té húsnæði fyrir eina deild Naustatjarnar en frá þeim tíma fjölgar deildum leikskólans í fimm. (Stefnt er að því að deildin opni 18. ágúst 2009) Um er að ræða fyrirkomulag um óákveðinn tíma en gert er ráð fyrir að samnýting húsnæðis á þennan hátt vari a.m.k. um nokkur ár eða þar til nýr leikskóli tekur til starfa í Naustahverfi.
- Húsnæðið sem deildin fær til afnota er í norð-austur horni neðri hæðar skólans, við inngang. Um er að ræða 58 fm. stofu (teiknuð sem frístund en var áætluð sem kennarastofa til bráðabirgða þar til 2. áfangi byggingarinnar risi) auk tveggja minni herbergja, 9 fm. og 18 fm., alls 85 fm. auk afnota af gangi milli þessara stofa sem nýtist þá sem fatahengi leikskólabarnanna.
- Í þeirri deild leikskólans sem staðsett verður í Naustaskóla verða elstu nemendur leikskólans.
- Skólaliðar Naustaskóla annast ræstingu á húsnæði leikskóladeildarinnar í samráði við starfsmenn þar. Kostnaður vegna rafmagns og upphitunar fellur á Naustaskóla.

### Starfsmannamál;

- Við leikskóladeildina starfa að jafnaði þrjú starfsmenn. Starf í leikskóladeildinni verður undir stjórn Naustatjarnar og á forsendum leikskólans, starfsmenn deildarinnar heyrir undir skólastjóra Naustatjarnar. Forföll þar eru leyst af Naustatjörn.
- Gert er ráð fyrir verulegu samstarfi milli leikskóladeildarinnar, kennarateymis 1. bekkjar og starfsmanna frístundar Naustaskóla. Áætla þarf vikulegan samráðstíma þessara starfsmanna. Deildarstjóri leikskóladeildar og deildarstjóri yngra stigs Naustaskóla verði megin tengiliðir vegna þessa samstarfs f.h. skólanna og annist fundarstjórn samráðsfunda. Skólastjórar leik- og grunnskóla sitji einnig slíka fundi reglulega.
- Húsvörður verður ráðinn að Naustaskóla, hann lýtur verkstjórn skólastjóra Naustaskóla en annast húsvörslu fyrir bæði húsin eftir atvikum.
- Naustaskóli leggur til einn starfsmann í eldhús, sá starfsmaður er ráðinn að Naustaskóla og heyrir undir skólastjóra en lýtur verkstjórn matráðs Naustatjarnar við störf í eldhúsi.
- Skólarnir standi að hluta til sameiginlega að endurmenntun starfsfólks og vinni sameiginlega endurmenntunaráætlun. Þannig standi t.d. þeir fræðslufundir sem önnur hvor stofnunin stendur fyrir starfsmönnum beggja skólanna til boða. Stefnt er að því að nýta leshringi til að efla samræður og sameiginlegt nám hjá starfsmönnum skólanna.

### Mötuneyti;

- Eldhús Naustatjarnar annast matreiðslu fyrir báða skólana.
- Naustaskóli leggur til einn starfsmann í mötuneyti Naustatjarnar, starfsmaðurinn starfi í eldhúsi að morgni en fylgi svo matnum yfir í Naustaskóla og aðstoði við framreiðslu. Að loknum matartímum fylgi hann leirtaui yfir í eldhús og annist uppvaske með öðrum starfsmönnum í eldhúsi.
- Fæði er selt samkvæmt þeim reglum sem gilda á hvoru skólastigi fyrir sig. Uppgjör á kostnaði milli skólanna skal gert með aðstoð skrifstofustjóra skóladeildar og rekstrarniðurstæða mötuneytis skiptist milli skólanna.

- Gera þarf nokkrar breytingar á eldhúsi/búnaði Naustatjarnar vegna þessa s.s. koma uppvöskunaraðstöðu fyrir þar sem nú er þvottavél og þurrkari leikskólans auk fleiri tilfæringa innan eldhúss, sjá einnig kafla um búnað hér á eftir.

#### **Þvottur;**

- Vegna breytinga sem þarf að gera á eldhúsi er nauðsynlegt að þvottaaðstaða Naustatjarnar víki úr húsnæði leikskólans. Útbúin verður aðstaða í húsnæði Naustaskóla og mun starfsfólk Naustaskóla annast þvotta fyrir bæði húsin undir verkstjórn húsvarðar.

#### **Búnaðarmál;**

- Aðilar eru sammála um að sá búnaður sem þarf vegna þessa samstarfs eigi að rúmast innan stofnbúnaðar Naustaskóla enda sé eingöngu um að ræða húsgögn, búnað, kennslugögn o.fl. sem nýtist grunnskólanum þó að leikskólastarfsemi hverfi úr húsinu á einhverjum tímapunkti. Um er að ræða ýmislegan búnað sem þannig verður keyptur að Naustaskóla, s.s. gufuofn í eldhús, frystiskápar, hitakassar og hitaborð, vagnar til flutninga, húsgögn á leikskóladeild, kennslugögn s.s. kubbar o.fl.

#### **Umhverfismennt;**

- Naustaskóli sækir strax í haust um að verða “skóli á grænni grein”. Verkefnastjórar skólanna á sviði umhverfismenntar starfi náið saman og verkefnastjóri Naustatjarnar verði Naustaskóla innan handar við fyrstu skref skólans. Umhverfisnefndir skólanna hittist reglulega til að bera saman bækurnar.
- Stefnt er að því að halda sameiginleg námskeið fyrir starfsfólk á þessu sviði. Einnig að sameiginlegum þemaverkefnum og sýningum þar sem lögð er áhersla á umhverfismennt og að miðla þeim áhrifum út í samfélagið.
- Þá stefna skólarnir að því að koma upp sameiginlegri aðstöðu í Naustaborgum til útikennslu og umhverfismenntar.

#### **Samstarf um kennslu nemenda;**

- Leikskóladeildin tekur þátt í samverustund nemenda Naustaskóla að morgni einu sinni í viku.
- Eftir kl. 13:30 dag hvern verður opið milli leikskóladeildarinnar og frístundar Naustaskóla og nemendur skólanna blandast í hópum, vali og útiveru. Áhersla er þá lögð á frjálsan leik og að nýta sem best alla neðri hæð skólans til leikja og náms.
- Nemendur 1. bekkjar og leikskóladeildar blandist hluta vikunnar í hópastarfi. Það feli m.a. í sér nám í list- og verkgreinum s.s. heimilisfræði, myndmennt, smíðum, tónmennt, dansi o.fl. Nánari útfærsla þessa bíður kennara í samstarfi við stjórnendur.
- Í samráði við foreldra sé sá kostur fyrir hendi að einstakir nemendur “færast milli skólastiga” hluta skólatímans. Þetta gæti t.d. átt við nemanda í leikskóla sem er reiðubúinn í lestrarnám, eða nemanda í 1. bekk sem saknar leikskólans en ítrekað er að þetta skal ætíð gert í nánú samráði við foreldra.
- Nemendur 1. bekkjar og leikskóladeildar fari einu sinni í viku í blönduðum hópum í leikfimi (úti eða inni í skólanum) undir stjórn íþróttakennara.
- Reglulega verði unnin þemaverkefni þar sem nemendur beggja skólanna taki þátt og vinni saman.
- Blandaðir hópar fari í útikennslu og ævintýraferðir í Naustaborgir.
- Elstu nemendur leikskólans eigi sér vinabekk í 6. bekk Naustaskóla. Efnt verði til gagnkvæmra heimsókna og verkefna þessara nemenda til að ná sem bestum tengslum.

Eldri nemendurnir taki svo þátt í að aðstoða þau yngri t.d. í útivist, ævintýraferðum o.s.frv. Þessi tengsl haldist svo þegar nemendur eldast þannig að 7. bekkur aðstoði 1. bekk o.s.frv.

- Skólarnir hafi með sér náðið samráð um gerð skóladagatala, m.a. stefnt að árlegri sameiginlegri vorhátíð í samstarfi við hverfisnefnd. Þá verður haft samstarf um ýmsa fasta liði starfsins s.s. gróðursetningardaga o.fl.
- Skólastjórnendur Naustatjarnar og Naustaskóla lýsa yfir vilja til þess að stuðla að nánú samstarfi skólanna á framangreindan hátt. Þá er stefnt að því að skólarnir hafi með sér ákveðið samráð um stefnumótun með reglulegum fundum stjórnenda, samstarfi um mat á ýmsum þáttum skólastarfsins o.fl. Þá munu stjórnendur leitast við að nýta þá styrkleika og þekkingu sem finna má í starfsmannahópunum þannig að þeir nýtist báðum skólunum.

---

f.h. Naustaskóla  
Ágúst Jakobsson

---

f.h. Naustatjarnar  
Jónína Hauksdóttir

**Fylgiskjöl:**

*Minnispunktur skólastjórnenda og leikskólaráðgjafa frá febrúar 2009*

*Minnispunktur starfsfólks Naustatjarnar frá hausti 2008*